

From: [Afgreiðsla SASS](#)
Subject: Sóknaráætlun Suðurlands birt í samráðsgátt stjórnsvalda
Date: fimmtudagur, 15. maí 2025 14:58:15
Attachments: [image001.png](#)

Góðan dag

Til kynningar eru drög að **Sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029**

Drögin hafa verið birt í **samráðsgátt** stjórnsvalda [sjá hér](#) og er umsagnarfrestur til og með 28. maí.

Sóknaráætlun Suðurlands 2025–2029 er sértæk byggðaaætlun Suðurlands og sameiginleg stefna sveitarfélaga á Suðurlandi um sjálfbæra þróun. Hún er jafnframt leiðarljós fyrir störf Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), byggðaþróunarfulltrúa og annarra hagaðila sem vinna að framþróun svæðisins.

Áætlunin byggir á viðtæku samráði við íbúa, sveitarfélög, atvinnulíf og stofnanir og mótar sameiginlega sýn fyrir framtíð svæðisins. Hún sameinar sveitarfélögin með samræmdri stefnu um forgangsmál í byggða- og samfélagsþróun. Sóknaráætlunin er hluti af formlegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum nr. 69/2015 og með samningi sem tryggir fjármögnun verkefna í gegnum Uppbyggingarsjóð Suðurlands og áhersluverkefni í landshlutanum.

Byggt er á meginmarkmiðum Byggðaaætlunar, landsskipulags- og loftslagsstefnu, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og svæðisbundnum áherslum á Suðurlandi. Áætlunin spannar fjórar meginstoðir: atvinnu og nýsköpun, samfélag, umhverfi og innviði – með skýrum markmiðum sem styðja við sjálfbærni, samkeppnishæfni og lífsgæði íbúa. Jafnframt tekur hún mið af stefnumörkun norrænu ráðherranefndarinnar og stefnuviðmiðum OECD á sviði byggðamála.

Við þökkum þeim sem gáfu sér tíma til að mæta á samráðsfundi kærlega fyrir og vonumst til að sem flestir gefi sér tíma til að renna í gegnum stefnuplaggið.



SASS

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Austurvegi 56

800 Selfossi

sími 480 8200

sass.is